

Rangárþing eystra

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 30

Rangárþing eystra
kennitala: 470602-2440
Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur

Skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Sveitarfélagið hefur innleitt reglugerðarbreytingu 230/2021 á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 sem kveður á um að sveitarfélög skuli færa inn í samantekin reikningsskil sín hlutdeild í einstökum liðum rekstrar- og efnahagsreiknings byggðasamlaga, sameignarféлага og annarra féлагаforma sem eru með ótakmarkaða ábyrgð sveitarfélags, miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Vegna þessarar breytingar á reikningsskilaaðferð hefur samburðartölum í ársreikningnum verið breytt til að gæta samræmis við framsetningu þessa árs. Sveitarstjórn og sveitarstjóri vísa til skýringar 21 í ársreikningnum um áhrif breytinganna á áður birtar fjárhæðir vegna ársins 2021. Vísað er til þessara féлага í ársreikningi ársins 2022 sem samrekstrarféлага.

Heildarveita sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2022 nam 2.940 m.kr. og er 326 m.kr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins samtals námu 1.482 m.kr. og voru 38 m.kr. yfir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 2.739 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 2.422 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um fjárhæð 144 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 10 m.kr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er jákvæð um fjárhæð 166 m.kr. og er afkoman 119 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Fjöldi ársverka á árinu var 119.

Það er álit sveitarstjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Íbúafjöldi Rangárbings eystra 1. desember 2022 var 2.037 en var þann 1. desember 2021 1.972. Íbúum fjölgaði um 65.


Ársreikningur Rangárbings eystra fyrir árið 2022 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Hvolsvelli, 27. apríl 2023

Sveitarstjóri:




Byggðaráð:




Ársreikningur Rangárbings eystra fyrir árið 2022 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Hvolsvelli, 11. maí 2023

Sveitarstjórn:





Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Rangárþings eystra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rangárþings eystra fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu sveitarstjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar.
- Rekstrarreikning ársins 2022.
- Efnahagsreikning 31. desember 2022.
- Sjóðstreymi ársins 2022.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla sveitarstjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla sveitarstjórnar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla sveitarstjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu sveitarstjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu sveitarstjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla sveitarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sveitarfélagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Hvolsvelli, 11. maí 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Berglind Hákonardóttir

Berglind Hákonardóttir
löggiltur endurskoðandi



Örvur Omrí Ólafsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
		2022	Fjárh.áætl.	2021*	2022	Fjárh.áætl.	2021*
Rekstrartekjur	2						
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs		1.485.878	1.449.127	1.292.108	1.481.829	1.444.217	1.288.039
Framlög jöfnunarsjóðs		750.946	489.969	622.935	750.946	489.969	622.935
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		502.188	482.623	548.923	707.058	679.162	782.708
		<u>2.739.013</u>	<u>2.421.719</u>	<u>2.463.966</u>	<u>2.939.834</u>	<u>2.613.347</u>	<u>2.693.683</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	3	1.332.563	1.338.756	1.274.591	1.368.597	1.338.756	1.308.641
Breyting lífeyrisskuldbindingar	11	27.429	16.857	60.111	27.429	16.857	60.111
Annar rekstrarkostnaður		1.054.664	876.251	1.005.206	1.133.136	986.796	1.075.992
		<u>2.414.656</u>	<u>2.231.864</u>	<u>2.339.908</u>	<u>2.529.161</u>	<u>2.342.409</u>	<u>2.444.744</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		324.357	189.855	124.058	410.673	270.938	248.939
Afskriftir	6	(98.335)	(119.268)	(99.566)	(126.768)	(149.124)	(126.854)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		226.022	70.587	24.492	283.904	121.814	122.085
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	(82.299)	(60.397)	(46.209)	(116.379)	(74.525)	(70.488)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta		143.723	10.190	(21.717)	167.526	47.289	51.597
Skattar	13	0	0	0	(1.397)	0	(791)
Rekstrarniðurstaða	5	<u>143.723</u>	<u>10.190</u>	<u>(21.717)</u>	<u>166.128</u>	<u>47.289</u>	<u>50.806</u>

*Endurgert, sjá skýringu 21.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B hluti	
		2022	2021*	2022	2021*
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir		3.371.741	2.643.967	3.542.294	2.826.577
Gatna - og veitukerfi		225.886	222.415	307.190	304.179
Vélar, áhöld og tæki		74.860	74.765	122.296	126.955
		<u>3.672.486</u>	<u>2.941.147</u>	<u>3.971.780</u>	<u>3.257.711</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	7	237.133	237.135	219.284	254.249
Langtímakröfur	8	5.104	5.127	5.926	6.069
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	8	20.783	22.333	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	11	128.786	134.610	128.786	134.610
		<u>391.805</u>	<u>399.205</u>	<u>353.997</u>	<u>394.929</u>
Fastafjármunir samtals		4.064.292	3.340.352	4.325.776	3.652.639
Veltufjármunir					
Birgðir		3.848	3.488	3.848	3.488
Óinnheimtar skatttekjur		156.695	162.236	156.695	162.236
Næsta árs afb. eigin fyrirtækja	8	3.635	3.182	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	11	5.825	5.825	5.825	5.825
Víðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		94.380	95.867	0	0
Aðrar skammtímakröfur		207.859	209.990	220.599	228.803
Handbært fé		264.288	169.196	309.278	225.567
		<u>736.529</u>	<u>649.783</u>	<u>696.245</u>	<u>625.919</u>
Eignir samtals		<u>4.800.821</u>	<u>3.990.135</u>	<u>5.022.022</u>	<u>4.278.558</u>

*Endurgert, sjá skýringu 21.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B hluti	
		2022	2021*	2022	2021*
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	10	2.836.462	2.565.762	2.970.939	2.713.362
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	11	235.636	223.403	235.636	223.403
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	12	1.133.047	642.484	1.417.658	918.739
Skammtímaskuldir					
Næsta árs afb. langtímaskulda	12	72.347	75.347	88.998	91.168
Næsta árs afb. lífeyrisskuldb.	11	8.491	7.098	8.491	7.098
Skuldir við eigin fyrirtæki		222.578	158.773	0	0
Fyrirframinnheimtar tekjur		1.306	14.219	1.306	14.219
Aðrar skammtímaskuldir		290.954	303.050	298.994	310.569
		<u>595.676</u>	<u>558.486</u>	<u>397.789</u>	<u>423.054</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.964.360	1.424.373	2.051.083	1.565.196
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.800.821</u>	<u>3.990.135</u>	<u>5.022.022</u>	<u>4.278.558</u>

Aðrar upplýsingar 9, 13-21

*Endurgert, sjá skýringu 21.

Sjóðstreymi ársins 2022

	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningskil A og B hluti		
	2022	Fjárh.áætl.	2021*	2022	Fjárh.áætl.	2021*
Rekstrarhreyfingar						
Hreint veltufé frá rekstri:						
Rekstraniðurstaða	143.723	10.190	(21.717)	166.128	47.289	50.806
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	98.335	119.268	99.566	126.768	149.124	126.854
Verðbætur	65.052	24.474	32.081	93.985	34.413	47.819
Söluhagnaður/sölutap eigna	158	20.000	40	158	20.000	(24.102)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	21.604	16.857	54.286	21.604	16.857	54.286
Breyting tekjuskattsinnægnar	0	0	0	119	0	139
Aðrir liðir	(10)	0	(10)	(10)	0	(10)
	<u>328.862</u>	<u>190.789</u>	<u>164.246</u>	<u>408.753</u>	<u>267.683</u>	<u>255.792</u>
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum						
Birgðir	(409)	0	401	(409)	0	401
Óinnheimtar skatttekjur	14.609	0	(10.237)	14.609	0	(10.237)
Aðrar skammtímakröfur	(1.800)	0	(87.917)	8.167	0	(85.273)
Fyrirframgreitt framlag til Brúar	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Skammtímaskuldir	(29.830)	0	48.043	(33.214)	0	42.982
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga	(7.783)	(4.800)	(7.096)	(7.783)	(4.800)	(7.096)
	<u>(19.389)</u>	<u>1.025</u>	<u>(50.982)</u>	<u>(12.806)</u>	<u>1.025</u>	<u>(53.399)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>309.473</u>	<u>191.813</u>	<u>113.264</u>	<u>395.947</u>	<u>268.708</u>	<u>202.393</u>
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárfesting í varanlegum rekstarfj.	(760.636)	(770.000)	(153.727)	(772.732)	(793.166)	(165.179)
Söluverð seldra rekstarfj.	161	0	1.204	161	0	3.649
Söluverð íbúðarhúsnæðis	0	0	0	0	0	38.260
Gatnagerðargjöld	56.399	0	6.760	56.399	0	6.760
Langtímakröfur breyting	(47)	0	684	(47)	0	684
Langtímakr. eigin fyrirtæki, breyting	3.469	3.233	14.750	0	0	0
	<u>(700.654)</u>	<u>(766.767)</u>	<u>(130.329)</u>	<u>(716.220)</u>	<u>(793.166)</u>	<u>(115.826)</u>
Fjármögnunarhreyfingar						
Tekin ný langtímalán	500.000	700.000	0	500.000	700.000	0
Afborganir langtímalána	(78.679)	(66.904)	(70.896)	(95.282)	(83.248)	(114.634)
Viðskiptastaða eigin fyrirt., breyting	65.292	42.249	62.612	0	0	0
	<u>486.613</u>	<u>675.345</u>	<u>(8.284)</u>	<u>404.718</u>	<u>616.752</u>	<u>(114.634)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	<u>95.432</u>	<u>100.391</u>	<u>(25.348)</u>	<u>84.445</u>	<u>92.294</u>	<u>(28.067)</u>
Handbært fé í ársbyrjun	169.196	169.196	194.544	225.567	225.567	253.634
Breytt eignarhald samrekstrarfélaga	(340)	0	0	(734)	0	0
Handbært fé í árslok	<u>264.288</u>	<u>269.587</u>	<u>169.196</u>	<u>309.278</u>	<u>317.860</u>	<u>225.567</u>

Aðrar upplýsingar

9, 14-21

*Endurgert, sjá skýringu 21.

Skýringar

1. Helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Upplýsingar um sveitarfélagið

Rangárþing eystra er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 2.037 þann 1. desember 2022. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Austurvegi 4 á Hvolsvelli. Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 kveða á um grundvallarþætti í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga.

1.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, að öðru leyti en greint er frá í skýringu 1.3 hér að neðan.

Til sveitarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustustöð, auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Rangárþings eystra, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir, Vatnsveita, Hitaveita og Fráveita, auk hlutdeildar í samstarfsverkefnum.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.3 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Á árinu innleiddi Rangárþing eystra reglugerðarbreytingu nr. 230/2021 á 20 gr. reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga vegna reikningshaldslegrar meðferðar byggðarsamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagsform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélaga. Í breytingunni felst að sveitarfélagið færir nú hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags viðkomandi félaga til samræmis við hlutfallslega ábyrgð sína.

Þau félög sem falla undir ofangreinda skilgreiningu eru: Bergrisinn bs., Brunavarnir Rangárvallasýslu bs., Byggðasafnið í Skógum, Héraðsnefnd Rangæinga, Tónlistarskóli Rangæinga bs., Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs. og Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

1.4 Breytingar á samanburðartölum

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs. Í skýringu 21 er gerð grein fyrir breytingum á samanburðarfjárhæðum ársins 2021 vegna innleiðingar á reglugerðabreytingu 230/2021.

1.5 Samantekin reikningsskil

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluta) og samantekinn reikningsskila (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

1.6 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

Skýringar

1.7 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

1.8 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir	25 - 40 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Afskriftir eru reiknaðar á söluári en ekki á kaupári.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignimar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarmiðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

1.9 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum eru færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisryrnunar.

1.10 Tekjuskattsinneign

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005 er kveðið á um að orkufyrirtæki sem höfðu verið undanþegin tekjuskatti skuli vera skattskyld frá og með árinu 2006. Hitaveita sveitarfélagsins er hluti B-hluta ársreiknings samstæðu sveitarfélagsins og gilda framangreind lög um þá starfsemi.

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verðs í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metinn með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Skýringar

1.11 Langtímakröfur

Langtímakröfur á eigin fyrirtæki eru bundin vísitölu neysliverðs. Reiknaðir vextir eru 4,5%.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjör A-deildar er færð til eignar og frá og með árinu 2018 er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum og framlag í varúðarsjóð gjaldfært á 20 árum. Er þetta gert í samæmi við ákvæði reglugerðar 212/2015.

1.12 Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

1.13 Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf, eru færð á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

1.14 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum. Yfirdrættir á bankareikningnum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.15 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

1.16 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2022. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

1.17 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

1.18 Fyrirframinnheimtar tekjur

Móttæknir styrkir sem ekki hefur verið framkæmt fyrir eru færðir til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur.

1.19 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2023. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

1.20 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 19 og 20.

Skýringar

2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2022	Áætlun	2022	Áætlun
Skatttekjur:				
Útsvör	1.241.635	1.206.070	1.241.635	1.206.070
Fasteignaskattar	222.189	221.330	218.140	216.420
Lóðarleiga	22.055	21.727	22.055	21.727
	<u>1.485.878</u>	<u>1.449.127</u>	<u>1.481.829</u>	<u>1.444.217</u>
 Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Tekjujöfnunarframlag	13.803	0	13.803	0
Útgjaldajöfnunarframlag	310.341	260.516	310.341	260.516
Framlag vegna grunnskóla	128.246	129.653	128.246	129.653
Framlag vegna lækkunar fasteignaskatta	121.410	91.790	121.410	91.790
Önnur framlög	177.146	8.010	177.146	8.010
	<u>750.946</u>	<u>489.969</u>	<u>750.946</u>	<u>489.969</u>
 Skatttekjur samtals	2.236.825	1.939.096	2.232.776	1.934.186
 Aðrar tekjur	502.188	482.623	707.058	679.162
 Rekstrartekjur samtals	<u>2.739.013</u>	<u>2.421.719</u>	<u>2.939.834</u>	<u>2.613.347</u>
 Íbúafjöldi	<u>2.037</u>	<u>1.968</u>	<u>2.037</u>	<u>1.968</u>
 Skatttekjur á íbúa	1.098	985	1.096	983

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2022	Áætlun	2022	Áætlun
Laun	950.134	935.857	950.134	935.857
Mótframlag í lífeyrissjóð	123.109	123.547	123.109	123.547
Önnur launatengd gjöld	97.804	104.549	97.804	104.549
Áhrif samrekstrarfélaga	161.516	174.803	197.550	174.803
Laun og launatengd gjöld	<u>1.332.563</u>	<u>1.338.756</u>	<u>1.368.597</u>	<u>1.338.756</u>
Breyting lífeyrisskuldb. (sjá skýr. 11)	27.429	16.857	27.429	16.857
Laun og launatengd gjöld með lífeyrissk.	<u>1.359.992</u>	<u>1.355.613</u>	<u>1.396.026</u>	<u>1.355.613</u>
			2022	2021
Fjöldi stöðugilda í árslok			116	117
Ársverk			119	125

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 52,8 mkr. á árinu 2022 til samanburðar við 39,2 mkr. á árinu 2021.

Skýringar

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2022	Áætlun	2022	Áætlun
Vaxtatekjur og verðbætur	7.377	2.476	7.379	2.476
Tekjur af eignarhlutum	331	0	331	0
Fjármagnstekjuskattur	(1.850)	0	(1.850)	0
Vaxtagjöld og verðbætur	(78.295)	(52.474)	(100.422)	(63.592)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	(581)	(3.324)	0	0
Áhrif samrekstrarfélaga	(9.281)	(7.075)	(21.816)	(13.409)
	<u>(82.299)</u>	<u>(60.397)</u>	<u>(116.379)</u>	<u>(74.525)</u>

5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Niðurstaða	Áætlun
Aðalsjóður:				
Skatttekjur	0	2.116.488	2.116.488	1.971.961
Félagsþjónusta	160.820	17.452	(143.368)	(158.204)
Heilbrigðismál	2.331	0	(2.331)	(2.661)
Fræðslu- og uppeldismál	1.204.820	85.443	(1.119.377)	(1.099.136)
Meningarmál	188.582	29.370	(159.212)	(160.958)
Æskulýðs- og íþróttamál	263.464	71.650	(191.814)	(198.322)
Brunamál og almannavarnir	33.588	111	(33.477)	(36.557)
Hreinlætismál	66.344	45.961	(20.383)	(32.651)
Skipulags- og byggingarmál	71.146	19.970	(51.176)	(46.480)
Umferðar- og samgöngumál	57.592	6.859	(50.733)	(56.330)
Umhverfismál	47.652	10.014	(37.638)	(55.639)
Atvinnumál	31.255	5.829	(25.426)	(20.106)
Sameiginlegur kostnaður	296.233	7.381	(288.852)	(274.127)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	24.105	0	(24.105)	(15.000)
Fjármagnsliðir	9.051	72.352	63.301	39.510
Aðalsjóður samtals	<u>2.456.981</u>	<u>2.488.879</u>	<u>31.898</u>	<u>(144.700)</u>
Eignasjóður				
Eignasjóður	317.036	450.740	133.705	152.492
Þjónustustöð	111.864	82.117	(29.747)	(248)
Samrekstrarfélög A hluta	347.295	355.161	7.867	2.645
Millifærslur í A hluta	(565.533)	(565.533)	0	0
Sveitarsjóður samtals	<u>2.667.642</u>	<u>2.811.365</u>	<u>143.723</u>	<u>10.190</u>
Félagslegar íbúðir				
Félagslegar íbúðir	24.320	14.864	(9.456)	(5.430)
Leiguíbúðir	19.177	13.978	(5.199)	2.319
Vatnsveita	42.617	65.208	22.591	23.339
Skógaveitan	2.291	4.610	2.319	1.599
Fráveita	15.637	49.365	33.728	23.759
Samrekstrarfélög B hluta	78.424	56.845	(21.579)	(8.487)
Millifærslur í B hluta	(4.049)	(4.049)	0	0
Sjóðir í B-hluta samtals	<u>178.415</u>	<u>200.821</u>	<u>22.405</u>	<u>37.099</u>
Samantekin reikningsskil samtals	<u>2.846.057</u>	<u>3.012.186</u>	<u>166.128</u>	<u>47.289</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

Sveitarsjóður:	Fasteignir og lóðir	Gatna- kerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð í ársbyrjun	3.696.671	295.409	174.801	4.166.881
Afskrifað samtals í ársbyrjun	(1.392.375)	(72.994)	(118.674)	(1.584.043)
Áhrif breytinga á reikningssskilaðferð	339.671	0	18.638	358.309
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>2.643.967</u>	<u>222.415</u>	<u>74.765</u>	<u>2.941.147</u>
Viðbót á árinu	673.101	86.364	16.074	775.540
Innheimt gatnagerðagjöld	0	(56.399)	0	(56.399)
Innheimt þátttaka í kostnaði	0	(14.904)	0	(14.904)
Endurmat lóða skv. álit 2/2010	121.839	0	0	121.839
Selt á árinu	0	0	(319)	(319)
Afskrifað á árinu	(71.227)	(11.591)	(15.517)	(98.335)
Áhrif eignarhalds samrekstrarfélaga	4.060	0	(144)	3.917
Bókfært verð í árslok	<u>3.371.741</u>	<u>225.886</u>	<u>74.860</u>	<u>3.672.486</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig:				
Kostnaðarverð	4.864.282	310.471	238.058	5.412.812
Afskrifað samtals	(1.492.542)	(84.585)	(163.199)	(1.740.325)
Bókfært verð í árslok	<u>3.371.741</u>	<u>225.886</u>	<u>74.860</u>	<u>3.672.486</u>
Samantekin reikningsskil:	Fasteignir og lóðir	Gatna- og veitukerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð í ársbyrjun	3.945.172	762.203	174.801	4.882.176
Afskrifað samtals í ársbyrjun	(1.539.958)	(458.024)	(118.535)	(2.116.516)
Áhrif breytinga á reikningsskilaðferð	421.362	0	70.688	492.051
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>2.826.577</u>	<u>304.179</u>	<u>126.955</u>	<u>3.257.711</u>
Viðbót á árinu	673.101	93.274	24.519	790.894
Innheimt gatnagerða- og tengigjöld	0	(59.657)	0	(59.657)
Innheimt þátttaka í kostnaði	0	(14.904)	0	(14.904)
Endurmat lóða skv. álit 2/2010	121.839	0	0	121.839
Selt á árinu	0	0	(319)	(319)
Afskrifað á árinu	(82.714)	(15.703)	(28.352)	(126.768)
Áhrif eignarhalds samrekstrarfélaga	3.490	0	(507)	2.984
Bókfært verð í árslok	<u>3.542.294</u>	<u>307.190</u>	<u>122.296</u>	<u>3.971.780</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig:				
Kostnaðarverð	5.241.047	791.539	338.943	6.371.529
Afskrifað samtals	(1.698.753)	(484.349)	(216.647)	(2.399.750)
Bókfært verð í árslok	<u>3.542.294</u>	<u>307.190</u>	<u>122.296</u>	<u>3.971.780</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir, framhald

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig

	Fjárfesting 2022	Áætlun 2022
A hluti:		
Leikskóli	665.301	700.000
Austurvegur 4	7.800	10.000
	<u>673.101</u>	<u>710.000</u>
Gatnakerfi	15.062	50.000
Leikskóli, áhöld	10.168	0
Bifreiðar og tæki	5.607	10.000
Samrekstrarfélög A hluta	300	0
	<u>16.074</u>	<u>10.000</u>
Samtals sveitasjóður	<u>704.237</u>	<u>770.000</u>
B hluta stofnanir:		
Fráveita	2.450	4.000
Vatnsveita	1.202	6.000
Samrekstrarfélög B hluta	8.444	13.166
Samtals B hluta stofnanir	<u>12.096</u>	<u>23.166</u>
Samantekin reikningsskil	<u>716.333</u>	<u>793.166</u>

Veðsetningar

